

Sp.

435. Nefndarálit

[41. mál]

um till. til þál. um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur á fundi 27. febrúar rætt tillögu þessa og sent hana til umsagnar Vinnuveitendasambandi Íslands. Er svar þess birt hér sem fylgiskjal. Nefndin var sammála um að mæla með, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (SÁ) var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 29. febr. 1956.

Bernh. Stefánsson,
form.

Jón Sigurðsson,
fundaskr.

Eiríkur Þorsteinsson,
frsm.

Emil Jónsson.

Jóhann Þ. Jósefsson.

Karl Guðjónsson.

Fylgiskjal.

VINNUVEITENDASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 22. nóv. 1955.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi.

Vér höfum móttékið heiðrað bréf yðar, dags. 8. þ. m., þar sem óskað er umsagnar sambands vors um tillögu til þingsályktunar um undirbúning löggjafar um framleiðslusamvinnufélög.

Vinnuveitendasamband Íslands litur þannig á, að ekki sé óeðlilegt, að í löggjöf landsins séu reglur um framangreint félagsform atvinnurekstrar, svo að þær séu tiltækar, ef einhverjir aðilar vilja velja sér annað rekstrarfyrirkomulag en það, sem nú er algengast.

Virðingarfyllst,

Vinnuveitendasamband Íslands,
Sverrir Hermannsson.